

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	27.6.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Þorsteinn J./Birna S. H.
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Hannesson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 2 ný frávík frá starfsleyfi auk þess sem að enn er unnið að úrbótum eldri frávika varðandi sólarhringsstyrk SO₂ í gróðri og magn svifagna og áls í frárennsli. Þá eru gerðar 4 athugasemdir við starfsemina.

1. Frávík frá grein 3.4 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um skilaskyldu ársskýrslu um rekstur rykhreinsivirkja, fjölda og lengd reyklösa sbr.grein 2.7, rykframléiðslu, losun brennisteinsdíoxíðs og um nýtingu og förgun framléiðsluúrgangs. Skýrslan hefur ekki borist UST. Athugasemd er auk þess gerð við að í ársskýrsluna hefur vantað útreikning niðurstaðna krafna í grein 2.5 í starfsleyfi.

2. Frávík frá grein 2.16 í starfsleyfi þar sem að magn olíu/fitu í frárennsli reynist yfir losunarmörkum. Þetta frávík kemur til viðbótar eldri frávíkum um magn svifagna og áls í frárennsli.

Enn eru frávík í sólarhringsstyrk SO₂, en árið 2012 mældist hann 15 sinnum yfir góðurverndarmörkum sem kveðið er á um í reglugerð 251/2002. Frávíkið kom fyrst fram í lok árs 2011. Norðurál og Elkem hefur verið veittur frestur til 28. nóvember 2013 til að skila UST niðurstöðum endanlegrar greiningar ásamt skilgreiningu á mótvægisáðgerðum.

Athugasemd er gerð við skil ársskýrslu sbr. grein 4.9 í starfsleyfi. UST hefur borist afrit af glærुकynningu sem kynnt var á samráðsfundinum en óskar framvegis eftir skýrslu eins og kveðið er á um í grein 4.9 í starfsleyfi og að hún sé afhent fundaraðilum fyrir árlegan samráðsfund.

Eftirlitsaðili gerir athugasemd við sein skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi sem í samræmi við reglugerð 990/2008, skal skilað fyrir 1.maí árlega. Grænu bókhaldi var skilað 21.júní sl. og útstreymisbókhaldi 4.júlí sl. Athugasemd er einnig gerð við að starfsleyfi fyrir nýrri flæðigryfju liggur ekki fyrir. Rekstraraðili skal sækja um undanþágu til Umhverfisstofnunar til losunar í nýju flæðigryfjunar á meðan á starfsleyfisgerðinni stendur.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á almennri kynningu um fyrirtækið, framleiðsluferlið og helstu mengunarhættur og mengunarvarnaráætlun. Elkem fékk vottun á ISO14001 umhverfisstjórnunarstaðli í maí 2013.

Farið var yfir starfsleyfið og skilaskyldu sem kveðið er á um í því. Sérstaklega var rætt um skilaskyldu skv. grein 3.4 og 3.6 í starfsleyfinu.

Rætt var um skilaskyldu vegna ETS og kallaði UST eftir áhættugreiningu vegna CO₂ losunar sem send var samstundis til UST.

Í grein 4.9 er ákvæði um að fyrir samráðsfund skuli leggja fram ársskýrslu sem inniheldur þau atriði sem fjallað er um í greinum 1.4-1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 3.5, 4.1, 4.3-4.5, 5.1 og 5.2. Samráðsfundurinn var haldinn þar sem að farið var yfir þessi mál en skýrslan hefur enn borist UST. Rekstraraðili sendi UST glærुकynningu sem kynnt var á fundinum og inniheldur þær upplýsingar sem krafist er í skýrslunni.

Rætt var um niðurstöður síðasta eftirlits.

Í síðasta eftirliti komu ekki fram ný frávík en unnið var samkvæmt úrbótaáætlunum vegna frávika úr fyrra eftirliti ársins 2012.

Iðjuverin á Grundartanga (Norðurál og Elkem) hafa leitað til Vatnaskila til að greina eðli og umfang útblásturs frá iðjuverunum m.t.t. SO₂. Upphaflega stóð til að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir í nóvember 2012. UST barst stöðumatsskýrsla varðandi þetta þann 18.janúar 2013 þar sem að fram kom ekki væri unnt að skila niðurstöðum greiningarvinnunar fyrr en í lok árs 2013.

Elkem hefur bætt innri vöktun á losun SO₂ í útblæstri. Búið er að bæta við síritum á lofthraða og hitastigi í kæliörum og reykháfi til að bera saman við mælingar á SO₂ í Kríuvörðu. Einnig voru gerðar punktmælingar á loftflæði í rjáfri 2008 og er áætlað að endurtaka þær. Niðurstöður mælinga hafa ekki borist UST fyrir árið 2011 og 2012.

Í síðasta eftirliti lá skrifleg áætlun um endurnýtingu úrgangs ekki fyrir. Áætlunin barst UST þann 17.apríl 2013 og er hún til skoðunar hjá UST. Elkem hefur gert samning við Gámaþjónustuna um móttöku úrgangs.

Farið var yfir frárennismál og fyrirliggjandi frávík. Magn svifagna hefur mælst yfir starfleyfismörkum (grein 2.16) frá árinu 2010 og styrkur áls yfir mörkum (sbr. grein 2.12) frá árinu 2011. Unnið hefur verið að úrbótum þessara vandamála samkvæmt úrbótaáætlun samþykktri af UST. Nýtt frávík bættist við fyrri frávík í frárennismálum í apríl sl. Þegar olía og fita mældist yfir losunarmörkum sem kveðið er á um í grein 2.16 í starfsleyfi. Búið er að fjárfesta í

viðbótum á hreinsibúnaði svokölluðum skiljum sem hefur verið bætt við fráveitukerfið til að hreinsa burt ál og svifagnir. Rauntímamælingar verða gerðar 60 dögum eftir upphafskeyrslu endurbætts frárennsliskerfis og verður vöktunin aukin í 3 mælingar á ári.

Rekstraraðili hefur heimild til að farga úrgangi sem tilgreindur er í grein 2.19 í sérútbúnum flæðigryfjum. Núverandi flæðigryfjur eru fullar og því hyggst rekstraraðili ásamt Norðuráli sækja um starfsleyfi fyrir nýjum flæðigryfjum. Beðið er eftir samþykkt skipulagsstofnunar á deiliskipulagi svæðisins svo rekstraraðili geti sent fullbúna umsókn um starfsleyfi. Rætt var um að ef Norðurál og Elkem vilji sækja um sitthvort starsleyfið fyrir flæðigryfjurnar þyrfti svæði hvors fyrirtækis/rekstraraðila að vera aðgreint í þeim. Á meðan beðið er þessa leyfis er úrganginum safnað saman í haug við hlið hráefnisgeymslanna til bráðabirgða.

Að loknum eftirlitsfundi var farið í skoðunarferð um fyrirtækið, þar sem að þurrhreinsivirki, og síuhús voru skoðuð sérstaklega. Auk þess var lítið á hráefnisgeymslunnar, mötunarbúnaðinn og stjórnstöðina. Að lokum var svo gengið í gegnum vélarsalinn og fylgst með ofnunum og útsteypun kísiljárnsins.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.4 í starfsleyfi	Skila skal ársskýrslu um rekstur rykhreinsivirkja, fjölda og lengd reyklosa sbr. grein 2.7, rykframléiðslu, losun brennisteinsdíoxíðs og um nýtingu og förgun framléiðsluúrgangs. Einnig skal skýrslan innihalda útreikninga niðurstaðna krafna í grein 2.5 í starfsleyfi. Skýrslan hefur ekki borist UST.
Greinar 2.12 og 2.16 í starfsleyfi	Magn svifagna í frárennslu hefur mælst yfir losunarmörkum í grein 2.16 í starfsleyfi frá árinu 2010 og styrkur áls yfir mörkum í grein 2.12 frá árinu 2011. Mæliniðurstöður frá apríl 2013 sýna að olía og fita mælist einnig yfir losunarmörkum sbr. grein 2.16 í starfsleyfi. Unnið að endurbótum skv. úrbótaáætlun.
Grein 2.14 í starfsleyfi	Sólarhringsstyrkur SO ₂ mælist 15 sinnum yfir gróðurverndarmörk á árinu 2012. Unnið er að greiningu á eðli og umfangi SO ₂ útblásturs fyrir iðjuverin á Grundartanga (Norðurál og Elkem). Iðjuverin á Grundartanga hafa frest til 28.nóvember 2013 til að skila nánari greiningu og áætlun um mótvægisáðgerðir ef við á.

ATHUGASEMDIR

1. Ársskýrsla sem inniheldur þau atriði sem fjallað er um í greinum 1.4-1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 3.5, 4.1, 4.3-4.5, 5.1 og 5.2 skal sbr. grein 4.9 í starfsleyfi lögð fram fyrir árlegan samráðsfund
2. Í ársskýrslum um rekstur rykhreinsivirkja sbr. grein 3.4 hefur vantar heildaryrklosun m.v. framleitt tonn, sbr. grein 2.5 í starfsleyfi.
3. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi sem skilað var of seint til UST. Samkvæmt viðeigandi reglugerðum skal þeim skilað fyrir 1.maí ár hvert. Einnig vantar upplýsingar um heildaryrklosun og NO_x losun í grænt bókhald og útstreymisbókhald.
4. Rekstraraðili skal sækja um undanþágu til Umhverfisráðuneytisins til losunar í nýjar flæðigryfjur á meðan á starfsleyfisgerðinni stendur.

ANNAÐ

UST óskar eftir skýrslum um mælingar á ryki í útblæstri sbr. grein 3.1 ársins 2011 og 2012.

Rekstraraðili hóf umræðu um endurskoðun starfsleyfis. Núverandi starfsleyfi var gefið út árið 2009, en samkvæmt grein 1.8 í starfsleyfinu skal það endurskoðað á fjögurra ára fresti. Rekstraraðili hefur áhuga á að skiladagar verði sameinaðir í einn tiltekinn dag á ári og að reynt verði að einfalda skýrsluskil. Eins gerir hann athugasemdir við ákvæði um pH gildi í frárennslu og styrk Cu. UST mun taka þessar tillögur til skoðunar, en ekki er ljóst hvenær unnt verður að ráðast í endurskoðunarvinnu starfsleyfis.

Reykjavík,

06.08.2013

Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.